



Aðgerðaáætlun Æskulýðsvettvangsins

gegn einelti og annarri óæskilegri hegðun

Stefnuyfirlýsing Æskulýðsvettvangsins

Æskulýðsvettvangurinn (ÆV) telur mjög mikilvægt að öllum líði vel í leik og starfi innan ÆV og að sá grundvallarréttur að fá að vera óáreiður sé virtur. ÆV leggur áherslu á að stuðla að jákvæðum samskiptum þar sem hver og einn sé ábyrgur fyrir orðum sínum og gjörðum. Starfsfólk og sjálfboðaliðar eiga þannig að gæta vandvirkni og samvirkusemi og koma fram af umhyggju, heiðarleika og virðingu gagnvart öllum þeim sem starfað er með og fyrir. ÆV leggur einnig ríka áherslu á að starfsfólk og sjálfboðaliðar séu fyrirmyndir þátttakenda og sýni góða hegðun og gott fordæmi, jafnt í starfi sem utan þess. Jafnframt telur ÆV mikilvægt að stuðlað sé að heilbrigðu, uppbyggjandi og vönduðu starfi með börnum og unglingum.

Gildi Æskulýðsvettvangsins

Starfsemi framúrskarandi félagasamtaka einkennist af fáum en öflugum kjarnagildum sem endurspeгла á sterkan hátt ákveðna hugmyndafræði og gefa stjórnendum, starfsfólki og sjálfboðaliðum leiðsögn um hvernig árangri skuli náð og hvaða vinnubrögð séu viðeigandi. Félagasamtök ná oft bestum árangri þegar starfsmönnum og sjálfboðaliðum tekst að tileinka sér þessi gildi í daglegum störfum. Gildi Æskulýðsvettvangsins eru vellíðan, velferð og öryggi.

Skilgreining á einelti

Einelti er endurtekin ótilhlýðileg og ámælisverð háttsemi, þ.e. athöfn eða hegðun sem er til þess fallin að niðurlægja, gera lítið úr, móðga, særa, mismuna eða ógna og valda vanlíðan hjá þeim sem hún beinist að. Kynferðisleg áreitni og annað endurtekið andlegt og líkamlegt ofbeldi fellur undir þetta. Hér er ekki átt við skoðanaágreiningu eða hagsmunarárekstur sem kann að koma upp í æskulýðs- og íþróttastarfi.

Einelti getur þrífist alls staðar þar sem samskipti eiga sér stað, án tillits til aldurs fólks, vitsmunabroska, efnahags, stéttar, stöðu eða búsetu. Einelti getur því komið upp hjá öllum aldursflokkum, bæði börnum og fullorðnum. Þá á einelti sér margar mismunandi birtingarmyndir og getur verið andlegt, líkamlegt og/eða rafrænt.

Forvarnir/fyrirbyggjandi aðgerðir

Allir þátttakendur í félagsstarfi og foreldrar/forráðamenn þeirra skulu fræddir um stefnu félags í eineltismálum. Aðgerðaáætlun þessi skal því vera aðgengileg öllum ábyrgðaraðilum sem og þátttakendum og foreldrum/forráðamönnum þeirra. Ábyrgðaraðilar skulu þekkja verkferlana og leitast við að leysa úr ágreiningi um leið og hann kemur upp.

Æskulýðsvettvangurinn skal bjóða ábyrgðaraðilum aðildarfélaga upp á fræðsluerindi um einelti þar sem er m.a. farið yfir hvernig á að koma auga á einelti og hvernig skal unnið úr eineltismálum. Ábyrgðaraðilar, sem starfa hjá aðildarfélögum Æskulýðsvettvangsins, þurfa því að kunna að þekkja einkenni eineltis og hvernig sé best að leysa úr slíkum vanda. Félög og ábyrgðaraðilar geta einnig alltaf leitað til fagráðs Æskulýðsvettvangsins varðandi ráðgjöf um meðferð eineltismála.

Viðbragðs- og eineltisteymi

Innan allra aðildarfélaga Æskulýðsvettvangsins skal vera til staðar sérstakt viðbragðsteymi. Hlutverk viðbragðsteymisins er meðal annars að taka á þeim eineltismálum sem upp koma innan félags. Æskilegt er að allir meðlimir viðbragðsteymis hafi sótt fræðsluerindi um einelti, forvarnir og úrvinnslu eineltismála.

Viðbragðsteymið tekur við tilkynningum um öll eineltismál sem upp koma innan aðildarfélaga. Í hverju máli skal einn aðili úr teyminu valinn til að sinna hlutverki málsstjóra. Málsstjóri hefur yfirumsjón með málinu, hann sér um samskipti við málsaðila og foreldra/forráðamenn þeirra, ef við á. Einnig ber hann ábyrgð á því að skrá niður öll atvik sem upp koma, hvernig reynt var að leysa úr málinu og hvernig til tókst.

Aðgerðaáætlun

Allir ábyrgðaraðilar, sem starfa innan aðildarfélaga ÆV, þurfa að vera vakandi fyrir því hvernig þátttakendum í félagsstarfinu líður og láta til sín taka um leið og samskiptavandi kemur upp. Hvetja þarf börn og ungmenni til að láta vita ef þau verða fyrir endurtekinni stríðni eða öðru sem einkennir einelti, eða ef þau verða vör við stríðni eða deilur á milli annarra einstaklinga. Einnig þarf að hvetja foreldra/forráðamenn til að láta vita ef börn og ungmenni segja þeim frá atvikum sem benda til þess að um einelti sé að ræða.

1. Tilkynning

Ábyrgðaraðili, sem verður var við samskiptavanda, skal reyna að leysa úr honum eins fljótt og unnt er. Um leið og ljóst er að vandinn er orðinn stærri en svo að hægt sé að leysa úr honum strax skal hann tilkynna um málið til stjórnar félags.

Öllum er heimilt að tilkynna um einelti innan aðildarfélaga Æskulýðsvettvangsins og eru allar tilkynningar teknar alvarlega. Fylla skal út tilkynningu á þar til gert eyðublað og skal henni skilað til stjórnar félags.

Fái starfsmaður eða sjálfboðaliði félags ábendingu eða tilkynningu um einelti skal hann koma henni áfram til stjórnar.

2. Könnunarþrep

Þegar stjórn félags berst tilkynning um einelti innan félagsins skal tilkynningunni komið áfram til viðbragðsteymis félags. Ef um börn er að ræða skulu foreldrar aðila upplýstir um tilkynninguna. Teymið byrjar á því að afla allra upplýsinga sem nauðsynlegar eru frá þolanda, meintum geranda/gerendum og foreldrum þeirra, ábyrgðaraðilum, vinum og öðrum sem geta veitt upplýsingar um það mál sem liggur fyrir. Upplýsingaöflun skal ekki ganga lengra en nauðsynlegt er til þess að meta umfang vandans.

Teymið metur þær upplýsingar sem fram eru komnar og setur saman áætlun um það hvernig skuli tekið á málinu.

3. Lausnaþrep

Viðbragðsteymi vinnur samkvæmt áætluninni að lausn vandans. Fundað er með þolanda og geranda, ásamt foreldrum þeirra, eins oft og nauðsynlegt er. Allir ábyrgðaraðilar, sem vinna með þolanda og geranda, eru upplýstir um eineltið og skulu þeir upplýsa viðbragðsteymið um öll atvik sem þeir verða vitni að.

Viðbragðsteymi skal reyna að komast að rót vandans og aðstoða aðila við að vinna úr málinu í samráði við foreldra/forráðamenn, ef við á. Eineltismál eru mjög ólík innbyrðis og því er ekki hægt að setja fram reglur um eitt ákveðið vinnuferli sem alltaf eigi að fara eftir. Fulltrúar í viðbragðsteymi verða því að veða og meta hverju sinni hvaða leið sé líklegust til árangurs. Nokkrar meginreglur eiga þó alltaf við:

- Tryggja þarf öryggi þolanda.
- Leggja skal áherslu á jákvæð samskipti og að virðing sé borin fyrir öllum aðilum máls.
- Bæði þolandi og gerandi/gerendur þurfa að fá stuðning og aðstoð við að vinna úr sínum málum.
- Ef gerendur eru fleiri en einn er árangursríkast að tala við gerendur einn og einn í einu.
- Leggja skal áherslu á að ná góðu samstarfi við foreldra/forráðamenn. Mikilvægt er að eiga góð samskipti við foreldra/forráðamenn og láta þá fylgjast með því hvernig verið sé að vinna í málinu.

Ef grípa þarf til einhverra aðgerða til að aðskilja aðila í félagsstarfi skal gerandi/gerendur vera færðir til en ekki þolandi. Á þetta jafnt við um börn og ungmenni sem og ábyrgðaraðila.

Í þeim tilvikum þegar starfsmaður gerist sekur um að beita barn eða fullorðinn einstakling einelti skal stjórn félags víkja starfsmanni úr starfi tímabundið á meðan unnið er að lausn málsins ef viðvera hans hefur áhrif á daglegt starf innan íþróttá- eða æskulýðsfélags.

4. Eftirfylgni

Ábyrgðaraðilar, sem vinna með þolanda og geranda, fylgjast með þeim og eru vakandi fyrir því hvort eineltið taki sig upp aftur. Málsstjóri skal einnig fylgjast með gangi mála í að minnsta kosti 12 mánuði frá því að úr því var leyst.

Ef mál tekur sig upp aftur skal viðbragðsteymi meta hvort það setur saman aðra áætlun um það hvernig skuli leyst úr málinu eða málinu skuli vísað til fagráðs Æskulýðsvettvangsins.

5. Máli vísað til fagráðs Æskulýðsvettvangsins

Takist ekki að leysa úr eineltismáli innan aðildarfélags skal málinu vísað til fagráðs Æskulýðsvettvangsins.

Fagráð Æskulýðsvettvangsins

Á vegum Æskulýðsvettvangsins starfar fagráð sem tekur á eineltismálum sem upp koma innan aðildarfélaganna og ekki tekst að leysa úr innan félaganna. Fagráðið er skipað að minnsta kosti tveimur óháðum einstaklingum sem hafa þekkingu, menntun og reynslu sem nýtist við úrlausn samskiptavanda og eineltis.

Hlutverk fagráðsins er annars vegar að leita að viðunandi niðurstöðu í málum með sáttum sé þess nokkur kostur og hins vegar að veita félögum ráðgefandi álit á grundvelli þeirra gagna og upplýsinga, sem fagráðinu hafa borist í viðkomandi máli. Telji fagráðið þörf á því skal það leita til óháðra sérfræðinga á sviði eineltismála við að leysa úr málinu. Fagráðið skal einnig sinna eftirfylgni í málum, sem það kemur að, í að minnsta kosti 12 mánuði frá því að úr máli er leyst.

Eineltismálum er hægt að vísa til fagráðs Æskulýðsvettvangsins svo fremi sem ekki hafi tekist, þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir, að leiða málið til lausnar á heimavelli félagsins. Gert er ráð fyrir að viðbragðsteymi hafi leitað leiða til að leysa málið í samráði við þolanda, geranda og foreldra/forráðamenn í samræmi við gildandi viðbragðsáætlun félagsins.

Þolandi eða forráðamenn hans geta jafnframt vísað máli til fagráðs. Tilvísun máls til fagráðs skal vera skrifleg, á þar til gerðu eyðublaði, og skal senda hana á netfangið fagrad@aev.is ásamt fylgigögnum, þar á meðal upplýsingum um fyrri vinnslu.

**Tilkynning um einelti til stjórnar félags
Eyðublað**

Dags. _____

Nafn tilkynnanda:

Nafn þolanda:

Nafn geranda:

Hvar og hvenær gerðist atvikið:

Hvað gerðist:

Eyðublaði skal skilað til stjórnar félags.

**Tilkynning um einelti til fagraðs Æskulýðsvettvangsins
Eyðublað**

Dags. _____

Nafn tilkynnanda:

Nafn þolanda:

Nafn geranda:

Hvernig lýsir eineltið sér?

Hvað hefur verið gert til þess að taka á málinu hingað til?

Eyðublaðinu skal skilað til fagraðs Æskulýðsvettvangsins.